Uppskrift af KÍ húfunni

Stærð: 0-3 mánaða Efni: Kambgarn frá Ístex

Prjónar: Sokkaprjónar og 40 cm hringprjónn nr. 3

Húfan

Fitja upp 102 lykkjur á prjóna nr. 3 og prjóna 5 umferðir perluprjón eða garðaprjón fram og til baka, að öðru leyti er húfan prjónuð með sléttu prjóni.

1. umferð:

Tengja í hring og prjóna 15 lykkjur sléttar – taka 1 lykkju óprjónaða – prjóna 2 lykkjur sléttar saman, steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu – prjóna 15 lykkjur sléttar – slá upp á prjóninn – prjóna 1 lykkju slétta – slá upp á prjóninn – prjóna 15 lykkjur sléttar.

Endurtaka:

Taka 1 lykkju óprjónaða – prjóna 2 lykkjur sléttar saman – steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu – prjóna 15 lykkjur sléttar, – slá upp á prjóninn – prjóna 1 lykkju slétta – slá upp á prjóninn – prjóna 15 lykkjur sléttar.

Taka 1 lykkju óprjónaða – prjóna 2 lykkjur sléttar saman – steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu – prjóna 15 lykkjur sléttar – slá upp á prjóninn – prjóna 1 lykkju slétta – slá upp á prjóninn.

Þá er prjónuð 2. umferð) ef prjónað er á fjóra prjóna er auðveldast á flytja fyrstu lykkju yfir á prjóninn, sem verið var að prjóna og prjóna hana slétt, til að auðvelda að prjóna úr uppsláttar-bandinu í lok 2. umferðar.

2. umferð: Prjóna slétt.

3. umferð:

Prjóna 15 lykkjur sléttar (ath. fyrsta lykkja í 3. umferð er síðasta uppsláttarbandið í 2. umferð) – taka 1 lykkju óprjónaða – prjóna 2 lykkjur sléttar saman – steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu – prjóna 15 lykkjur sléttar – slá upp á prjóninn – prjóna 1 lykkju slétta – slá upp á prjóninn – prjóna 15 lykkjur sléttar.

Endurtaka:

Taka 1 lykkju óprjónaða – prjóna 2 lykkjur sléttar saman – steypa óprjónuðu lykkjunni yfir þá prjónuðu – prjóna 15 lykkjur sléttar, – slá upp á prjóninn – prjóna 1 lykkju slétta – slá upp á prjóninn – **prjóna 1 lykkju slétt, farið eins að og lýst er í lok 1. umferðar.**

4. umferð: Prjóna slétt.

Eftir 4 umferðir færirðu síðustu lykkju yfir á fyrsta prjón, alltaf í munstur pr. Endurtaka þriðju og fjórðu umferð 10 sinnum í viðbót, alls 12 útaukningar og 12 úrtökur, samtals 24 umferðir.

Úrtaka í kollinn

Nú er hætt að auka út (ekki er lengur slegið upp á prjóninn).
Haldið áfram að taka úr eins og áður, en nú er það gert í hverri umferð þar til 12 lykkjur eru eftir.

Prjóna 2 lykkjur saman út umferðina – þá eru 6 lykkjur eftir.

Slíta bandið frá skilja eftir smá spotta, þræða spottann gegnum lykkjurnar og ganga frá. Prjónað band í spíssinn á hvorri hlið: Taka upp 3 lykkjur, prjóna slétt (alltaf frá sömu hlið) – færa bandið aftur fyrir prjóninn og prjónið áfram ca 20–25 cm.

Ath. Þegar uppskrift byggir á aðferðunum að taka úr og auka út þarf að auka út jafnoft og tekið er úr yfir umferðina svo lykkjufjöldinn breytist ekki.